

Sumarlestur



Afar brýnt er að foreldrar¹ viðhaldi lestrarfærni barnsins á sumrin, því lestur er eins og öll önnur lærð færni, það þarf að halda honum við. Ef við hættum að iðka lestur missum við tók á honum þó svo að við þurfum ekki að læra allt ferlið aftur þegar snúið er skólann í ágústlok.

Kannanir hafa sýnt að börnum fer aftur í leshraða yfir sumarmánuðina og getur það tekið þau 1 – 3 mánuði að ná fyrri færni að nýju. Því er mikilvægt að **ÖLL** börn haldi áfram að lesa eða vinna lestrarverkefni yfir sumarmánuðina.

Sumarlestur viðheldur lestrarfærninni, þjálfar lesfimi og barnið bætir í orðakistu sína.

Það er einnig mikilvægt að foreldrar lesa fyrir börn sín á sumrin og í framhaldinu ræði um efni textans. Með því auka þeir orðaforða og málfærni barnsins, efla lesskilning og stuðla að áhuga barnsins fyrir lestri, auk þess að eiga notalega stund með barninu.

Foreldrar þurfa að vera góðar **fyrirmyndir** og lesa fyrir barnið, með barninu og ekki síst, lesa sjálfir. Ef við viljum ala börnin okkar upp til að verða góðir „lesendur“, verða þau líka að sjá okkur verja tíma við lestur!

Nokkur ráð til foreldra til að efla sumarlestur

Mikilvægt er að huga að sumarlestri sem hentar **þörfum hvers einstaklings**, þ.e.a.s. hve langt viðkomandi er kominn í lestrarnáminu.

Mikilvægt er að **barnið velji sér bækur** sem það hefur **áhuga** á að lesa og eru í **réttum þyngdarflokki**, þ.e.a.s. ekki of erfiðar. Mikilvægt er einnig að lesefnið sé nokkuð krefjandi fyrir einstaklinga sem eru komnir vel á veg í lestrinum.

Mikilvægt er að **foreldrar hlusti og fylgist vel með textanum** á meðan barnið les upphátt.

Mikilvægt er að **foreldrar séu góðar fyrirmyndir** og taki þátt í lestrinum með því að lesa sjálfir.

Erfitt getur verið að koma sumarlestrinum inn í **skipulag sumarsins** því er afar mikilvægt að **strax í upphafi sumars** finni foreldri og barn í sameiningu tíma sem ætlaður er til þess.

Á næstu síðu er hugmynd að „sumarlestri“ sem heitir **Hvað segir teningurinn?** Þar sem hugmyndin er að brjóta lesturinn upp með ýmis konar verkefnum.

**MUNIÐ AÐ BARNIÐ GETUR EKKI BORIÐ ÁBYRGÐ Á SUMARLESTRINUM ÞAÐ
VERÐIÐ ÞIÐ ÁGÆTU FORELDRAR/FORRÁÐAMENN AÐ GERA 😊**

¹ Foreldri eða forráðamaður.



Skólaskrifstofa Austurlands

Búðareyri 4, 730 Reyðarfjörður

Sumarlestur

Hvað segir teningurinn?



Markmiðið er að barnið verði spennt fyrir að vita hvert læsisverkefni dagsins er og eflist um leið í lestrarfærninni.

Gögn: Lestrabók²/bækur sem hæfir lestrargetu barnsins, bók/bækur sem foreldri lesi fyrir barnið³. Stílabók (til að skrifa orð), skráningarblað fyrir ÞRISTINN, teningur og dagatal⁴ til að skrá „leikinn“.

Leikreglur: Áður en barnið byrjar að lesa/vinna kastar það upp teningi og stendur hver tala fyrir ákveðið læsisverkefni, sjá á næstu blaðsíðu. Barnið vinnur viðkomandi verkefni og skráir töluna inn á dagatalið.

Hvert verkefni er aðeins unnið fimm sinnum í hverjum mánuði. Ef barnið fær t.d. töluna 3 í sjötta skiptið verður það að kasta aftur upp og vinna verkefni sem það er ekki búíð að vinna fimm sinnum í mánuðunum.

Meðfylgjandi er dagatal (júní, júlí og ágúst) þar sem barnið merkir inn á hvaða verkefni það vinnur hvern dag.

² Munið að hægt er að velja allskonar bækur, ekki bara sögubækur.

³ Fáíð bækur hjá kennara barnsins eða/og nýtið bókasöfnin.

⁴ Dagatalið er hægt að prenta út tilbúið.

Hvað segir talan?



1. Barnið **les upphátt** fyrir foreldri í 15 mínútur. Foreldri verður að sitja við hlið barnsins og fylgjast með í bókinni og grípa inn í og aðstoða barnið ef það les e-ð orð rangt.
2. Barnið **skrifar** 8 – 20 orð (eftir getu) í stílabók. Orðin geta verið úr umhverfinu (*spennandi orð á Spáni, í útillegunni á Íslandi eða nöfn á fuglum/dýrum*) eða úr einhverjum texta s.s. bók eða tímarit. Foreldri skoðar og talar um rithátt orðsins og leiðréttir ef barnið skrifar orð rangt.
3. Barnið les **PRISTINN**, endurtekinn lestur.

Verkfærakista: Bók/texti við getu lesandans, „tímatökutæki“, sem gefur hljóðmerki s.s. sími, blýantur og skráningarblað (ef viðkomandi vill skrá árangur/framfarir).

1. Byrjað er að lesa efst á síðu og lesið upphátt í eina mínútu⁵. Tölustafurinn **1** er skrifaður við síðasta orðið sem lesið er þegar hljóðmerkið heyrir.
2. Byrjað er strax aftur á sama stað og áður og sami textinn lesinn aftur í eina mínútu. Tölustafurinn **2** er skrifaður við síðasta orðið sem lesið er þegar hljóðmerkið heyrir. Markmiðið er að geta lesið fleiri orð/línur en í fyrsta skiptið.
3. Byrjað er strax aftur á sama stað og sami textinn lesinn í þriðja sinn í eina mínútu. Tölustafurinn **3** er skrifaður við síðasta orðið sem lesið er þegar hljóðmerkið heyrir. Reynt er að bæta við sig fleiri orðum/línum.
Að lokum eru orðin eða línurnar talið og skráð á skráningarblaðið.
4. **Foreldri les fyrir barnið** í 15 mínútur (veljið aðra bók en lestrarbók barnsins fyrir þetta verkefni). Foreldri virkjar skilning barnsins með því að **spyrja út úr textanum**. S.s. um persónur, staði, tíma, atburðarrás, orð og fleira.
5. **Paralestur**. Foreldri og barn lesa til skiptis. Hægt er að velja um að lesa í 15 – 20 mínútur eða lesa ákveðinn fjölda blaðsíðna, t.d. 2 – 5 blaðsíður á hvorn aðila, allt eftir aldri/getu barnsins.
6. Barnið **velur sjálf** hvaða verkefni það vinnur (1 – 5).

Mikilvægt er að barnið lesi/vinni læsisverkefni a.m.k. 20 sinnum í mánuði, best er þó að vinna eins oft og hægt er.

ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN ☺

LESUM ÞVÍ SAMAN Í SUMAR



⁵ Mælt er með því að eldri börn lesi í 3 eða 4 mínútur í einu í hvert skipti.